



Skipulagsstofnun  
Þórdís Stella Erlingsdóttir  
Borgartún 7b,  
105-Reykjavík

TILV./BRÉF YÐAR:  
Tp-24-10-2022

VERKNÚMÉR:  
123001

DAGS.:  
2022-10-2

NR.:

## Viðbrögð Arnarlax við athugasemdom UST

Sæ Þórdís

Í bréfi frá Umhverfisstofnun, dagsett 21.10.2022, tilvísun UST202209-099/A.Þ, eru gerðar nokkrar athugasemdir við matsskyldufyrirspurn vegna stækkunar seiðaeldisstöðvar Arnarlax á Gileyri. Hér eru svör framkvæmdaaðila við þeim athugasemdum:


- **Skipulag:** Arnarlax hefur verið í sambandi við Tálknafjarðarhrepp varðandi breytingu á deiliskipulagi þar sem sótt verður um að ársframleiðsla samkvæmt skipulaginu verði aukin.
- **Vatnstaka:** Arnarlax hefur sent Orkustofnun erindi vegna nýtingaleyfis við Gileyri. Vatnsnýting Gileyris hefur verið að mörgu óbreytt í fjölda ára en sótt verður um nýtingarleyfi fyrir því sem nú þegar er í notkun. Orkustofnun er umsagnaraðili um matsskyldufyrirspurnina og á hennar verkssviði að gera athugasemdir við nýtingu vatns á Gileyri. Athugasemd hefur ekki borist Skipulagsstofnun innan þess frests sem gefin var að því er fram kemur í tölvupósti frá Skipulagsstofnun þann 24. október 2022.
- **Fráveita:** Sótt verður til Umhverfisstofnunar um leyfi til að leggja fráveitulögn niður fyrir stórstraumsfjörumörk áður en framkvæmdir við lögnina hefjast.
- **Úrgangur:** Affalla-fiskur er hakkaður og fluttur yfir á Bíldudal í meltustöð sem Arctic Prótein ehf. rekur og eru þeir með öll tilskilin leyfi. Síðan er meltan flutt til Noregs og nýtt í samræmi við starfsleyfi þar.

Fyrirhugað er að nota skítinn sem síaður er úr frárennsli sem efni til áburðar. Arnarlax mun sækja um leyfi til áburðarframleiðslu hjá MAST þegar að því kemur. Arnarlax hefur verið í góðum samskiptum við MAST varðandi þessi málefni og hefur áður sótt um leyfi fyrir áburðarframleiðslu fyrir eldisstöð sína á suðurlandi.

Benda má á að MAST er einn af umsagnaraðilum og á þeirra sviði að gera athugasemdir við nýtingu meltunnar. Engin athugasemd barst frá þeim þar að lútandi.

- **Mælingar:** Ákvæði í starfsleyfi, þar með talin tíðni mælinga, verða uppfyllt af Arnarlaxi.

Virðingarfyllt, f.h. Verkís hf.



Arnór P. Sigfússon